AUGLÝSING

um birtingu nokkurra alþjóðasamninga.

Í sambandi við útgáfu utanríkisráðuneytisins á ritinu Samningar Íslands við Erlend Ríki, I. Alþjóðasamningar, sem nú hefur verið gengið frá, skal fram tekið, að textar eftirfarandi alþjóðasamninga eru birtir þar, en þessar textar hafa ekki verið birtir fyrr.

Númer þeirra og heiti í ritinu er:

1. Yfirlýsing um nokkur undirstöðuatriði sjóréttar á stríðstímum. París, 16. apríl 1856.
5. Samningur um alþjóðastofnun til að gefa út tollalög. Bruxelles, 5. júlí 1890.
6. Bókun um breytingar á samningi, undirrituðum í Bruxelles, 5. júlí 1890, um að koma á fót alþjóðastofnun til þess að gefa út tollalög, og reglugerð um framkvæmd samnings þess, sem kemur á fót alþjóðaskrifstofu til þess að gefa út tollalög, ásamt fundargerð um undirskrift. Bruxelles, 16. desember 1949.
7. Erindaskipti um stofnun Alþjóða hafrannsóknarráðsins, milli utanríkisráðuneytisins í Kaupmannahöfn, annars vegar og utanríkisráðuneytanna í Hollandi, Rússlandi, (Finnlandi), Bretlandi, Svíþjóð og Noregi, og Þýzkalandi hins vegar. Kaupmannahöfn, 2. desember 1902.
8. Samkomulag um ráðstafanir til að taka fyrir svonefnda hvíta þrælasölu. París, 18. maí 1904.
9. Samningur um einkamálaréttarfarsákvæði. Haag, 17. júlí 1905.
10. Sáttmáli til að bæta kjör særðra og sjúkra manna í herþjónustu á styrjaldartímum. Genf, 6. júlí 1906.
11. Sáttmáli um friðsamlega lausn deilumála milli ríkja. Haag, 18. október 1907.
12. Sáttmáli um takmarkanir á valdbeitingu til að innheimta samningsbundar skuldir. Haag, 18. október 1907.
13. Sáttmáli um upphaf stríðs. Haag, 18. október 1907.
14. Sáttmáli um reglur og venjur stríðs á landi. Haag, 18. október 1907.
15. Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja og ríkisborgara þeirra í stríði á landi. Haag, 18. október 1907.
16. Sáttmáli um hverja deild skal gera kaupskipum óvinaríkis, er stríð hefst. Haag, 18. október 1907.
17. Sáttmáli varðandi breytingu á kaupskipum í herskip. Haag, 18. október 1907.
18. Sáttmáli um lagningu neðansjávar-dufla, er springa við árekstur. Haag, 18. október 1907.
19. Sáttmáli um stórskota-árás frá herskipum í stríði. Haag, 18. október 1907.
20. Sáttmáli um að nota reglur Genfar-sáttmálans í sjóhernaði. Haag, 18. október 1907.
21. Sáttmáli um vissar takmarkanir á framkvæmd hertökuréttarins í sjóhernaði. Haag, 18. október 1907.
22. Sáttmáli um réttindi og skyldur hlutlausra ríkja, þegar stríð er háð til sjós. Haag, 18. október 1907.
24. Bókun með breytingum á samkomulagi um ráðstafanir til að koma í veg fyrir birtingu klámrita, sem undirrituð var í París, 4. maí 1910. Lake Success, 4. maí 1949.
25. Samningur um ópíum. Haag, 23. janúar 1912.
32. Alþjóðasamningur um bifreiðaumferð. París, 24. apríl 1926.

34. Sáttmáli um að hafna stríði til að skera úr deilum milli ríkja. París, 27. ágúst 1928.
38. Alþjóðasáttmáli um hleðslumerki skipa. London, 5. júlí 1930.
50. Bókun um breytingar á samningi frá 7. desember 1944, um alþjóðaflugmál. Montreal, 14. júní 1954.
53. Stofnskrá Matvæla- og landbúnaðarstofnunar hinna Sameinuðu þjóða. Quebec, 16. október 1945,
54. Samkomulag um samþykktir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Washington, 27. desember 1945.
55. Samkomulag um samþykktir Aþjóðabanka til endurbyggingar og nýbygginga. Washington, 27. desember 1954.
59. Stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, New York, 22. júlí 1946.
62. Alþjóðasáttmáli um skipun hvalveiða. Washington 2. desember 1946.
63. Bókun við alþjóðasáttmála um skipan hvalveiða, sem undirritaður var í Washington, 2. desember 1946, Washington, 19. nóvember 1956.
64. Fylgiskjal með alþjóðasáttmála um skipan hvalveiða, 1946, með breytingum, sem gerðar hafa verið til loka 13. fundar, haldinn í London 1961.
66. Samningur um Alþjóðaveðurfræðistofnun. Washington, 11. október 1947.
72. Sáttmáli um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð. New York, 9. desember 1948.
73. Alþjóðasamningur um fiskveiðar í norð-vesturhluta Atlantshafs. Washington, 8. febrúar 1949.
74. Bókun við alþjóðasamning um fiskveiðar í norð-vesturhluta Atlantshafs, sem var undirritaður í Washington 8. febrúar 1949. Washington, 25. júní 1956.
78. Samkomulag varðandi réttarstöðu Norður-Atlantshafsbandalagsins, fulltrúa hjá því og starfslið þess. Ottawa, 20. september 1951.
83. Samningur um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins. París, 2. september 1949.
84. Bókun til viðbótar samningi um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins. Strassbourg, 6. nóvember 1952.
85. Önnur bókun til viðbótar samningi um réttindi og griðhelgi Evrópuráðsins. París, 15. desember 1956.
96. Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skyldu til að veita aftur viðtöku ólöglega innfluttum útlendingum. Stokkhólmi, 14. júlí 1952.
97. Bókun varðandi aðstöðu alþjóðlegra hernaðarbækistöðva, sem stofnað hefur verið til samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum. París, 28. ágúst 1952.
98. Samningur um höfundarétt. Genf, 6. september 1952.
99. Samningur um pólitíska réttarstöðu kvenna. New York, 31. marz 1953.
100. Samningur um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum. París, 11. desember 1953.
101. Stofnskrá Evrópudeildar til varnar gin- og klaufaveiki. Róm, 11. desember 1953.
102. Bókun um að leysa ríkisborgara Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu. Kaupmannahöfn, 22. maí 1954.
103. Menningarsáttmáli Evrópuráðsins. París, 19. desember 1954.
104. Samkomulag um Alþjóðalánastofnun. Washington, 25. maí 1955.
105. Samkomulag milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins varðandi samvinnu um upplýsingar um kjarnorku. París, 22. júní 1955.
106. Gjaldeyrissamningur Evrópu. París, 5. ágúst 1955.
108. Samningur um viðskiptaréttindi óreglubundnar flugþjónustu í Evrópu. París, 30. apríl 1956.

109. Samkomulag um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi. Genf, 25. september 1956.
111. Stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. New York, 26. október 1956.
112. Samningur um tæknilega aðstoð milli Íslands og Sameinuðu þjóðanna og stofnana þeirra. New York, 21. nóvember 1956.
117. Alþjóðasamningur um hveiti. Washington, 6.—24. apríl 1959.
125. Bókun um viðskipti og greiðslur milli Finnlands og nokkurra Evrópuríkja. Helsinki, 29. desember 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 15. nóvember 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

3. desember. Nr. 16.

AUGLÝSING

um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Portúgal.

Hinn 15 nóvember 1963 var gengið frá samkomulagi með orðsendingaskiptum í London, um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Portúgal.

Samkomulagið, sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gengur í gildi hinn 15. desember 1963.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 3. desember 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

Monsieur l'Ambassadeur,

I have the honour to refer to correspondence with the Ministry for Foreign Affairs in Lisbon regarding an agreement to be concluded between Iceland and Portugal for the abolition of visas.

Acting under instructions of my Government, I have now the honour to propose that the Government of Portugal and the Government of Iceland conclude an Agreement in the following terms:

1. Icelandic citizens holding valid Icelandic passports shall be free to travel from any place whatever to Continental Portugal and the Archipelagos of Madeira and Azores for the purpose of temporary residence (either in transit or on business or for recreation), without the necessity of obtaining a visa.

2. Portuguese citizens holding valid Portuguese passports shall be free to travel from any place whatever to Iceland (either in transit or on business or for recreation) without the necessity of obtaining a visa.

3. The words „temporary residence" mean a period of not more than two months